



Fundargerð hreppsráðs 19. desember 2019

Fundur nr. 10 kjörtímabilið 2018-2022

Fundur haldinn í hreppsráði Vopnafjarðarhrepps 19. desember á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps kl 08:00.

Mætt til fundar: Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Íris Grímsdóttir og Sigríður Bragadóttir.

Einnig sat fundinn Þór Steinarsson, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir
2. Hafnarnefnd 3.12

Lagt fram

153. 153.fundur Heilbrigðisnefndar Austurlands 12.12

Lagt fram

2. Almenn mál
3. Staða RARIK á Vopnafirði

Hreppsráð Vopnafjarðarhrepps hvetur til þess, í ljósi undangenginna atburða að komið verði á rafmagnstengingu á milli Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps og hringtengingu þar með komið á í sveitarfélögunum með auknu rafmagnsöryggi. Hreppsráð vekur athygli á því að ekki stendur til að auglýsa starf RARIK á Vopnafirði sem nú hefur losnað og leggst eindregið gegn því þar sem mikilvægt er að þjónustustig minnki ekki og að starfsemi stofnunarinnar sé með traustan grundvöll í sveitarfélaginu.

Bréf til sveitarstjórnar

3. Aflið - styrkumsókn

Sótt er um styrk til reksturs Afslins, samtak gegn kynferðis- og heimilisofbeldis. Samþykkt að veita styrk að upphæð 50 þúsund krónur.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundargerð lesin og borin upp til samþykktar, hún samhljóða samþykkt og fundi slitið kl.09:07.